

– veldu rétta litinn –

Mánudagsþraut **Málningar**



Sumarbridge heldur uppteknum hætti frá því í fyrra að bjóða upp á þraut á mánudagskvöldum með stuðningi Málningar.

Síðasta sumar voru sagnir í sviðsljósinu, nú eru það ÚTSPILIN.

Í upphafi kvölds (meðan á skráningu stendur) fá spilarar eina útspilsþraut til umþenkingar.

Hún er á A-4 blaði.

Spilarar skrifa svar sitt og nafn á blaðið, brjóta saman og setja í málningarfötu (tóma!)

Mánudagsþrautin verður í 10 skipti.

Verðlaun verða veitt fyrir efstu sætin og telja 5 efstu kvöld til stiga.

- veldu rétta litinn -

Mánudagspraut **MÁLNINGAR**

FYRSTA PRAUT 5. JÚNÍ

Norður gefur. Enginn á hættu.

Vestur

♠ G954

♥ Á72

♦ 94

♣ D765

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	1 ♦ *	pass	1 ♥
pass	2 ♥	pass	4 ♥
allir pass			

* Standard.

Hvert er útspilið?

----- brjótið hér og setjið svo í fótuna -----

NAFN

ÚTSPIL

 **málning**
- það segir sig sjálfst -

Mánudagspraut **MÁLNINGAR**

Fyrsta praut 5. júní

Þú átt út með þessu spil í vestur:
Norður gefur. Enginn á hættu.

Vestur
♠ G954
♥ Á72
♦ 94
♣ D765

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	1 ♦*	pass	1 ♥
pass	2 ♥	pass	4 ♥
pass	pass	pass	

* Standard

Hvert er útspilið?

Umsi (umsjónarmaður)

Útspil frá tvílit eru ekki hátt skrifuð í toppbrids. Og það með réttu, því oftast en ekki sviður maður af makker mögulegan slag á drottningu eða gosa.

Dæmigert:

	BLINDUR	
	♥ KG93	
VESTUR		AUSTUR
♥ 104		♥ D765
	SAGNHAFI	
	♥ Á82	

En það koma þær stundir að jafnvel útspilsbækur mæla með tvílitárútspili. Helst er það gegn geimi í hálit, þar sem útspilarinn er með Áx(x) eða Kxx í trompi, en að öðru leyti lítinn styrk. Spil vesturs í þessu dæmi falla alveg að þessum skilyrðum.

Norður
♠ K102
♥ KDG6
♦ DG103
♣ 84

Vestur
♠ G954
♥ Á72
♦ 94
♣ D765

Austur
♠ Á763
♥ 83
♦ Á762
♣ 1093

Suður
♠ D8
♥ 10954
♦ K85
♣ ÁKG2

Spilið er frá 12 sveita úrslitum Íslands-mótsins í vor. Tígulútspilið banvæna fannst aðeins út á einu borði. Flestir spiluðu út laufi frá drottningunni og tveir reyndu lítið tromp frá ásnum þriðja.

Útspil	Stigagjöf	Facebook
♦ 9	100	♦ 9 = 20
♣ x	70	♣ 6 = 19
♠ x	60	♥ 2 = 12
♥ x	50	♠ 5 = 3
♥ Á	30	♥ Á = 2
♣ D	10	

- veldu rétta litinn -

Mánudagspraut **MÁLNINGAR**

ÖNNUR PRAUT 12. JÚNÍ

Austur gefur. Allir á hættu.

Vestur

- ♠ K2
- ♥ K632
- ♦ DG72
- ♣ DG5

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	pass	2 ♦ *
pass	2 ♥ **	pass	2 ♠ ***
pass	4 ♠	allir pass	

* Multi: veikir tveir í hálit.

** Suður á að passa með hjarta, annars breyta í 2♠.

*** Veikir tveir í spaða.

Hvert er útspilið?

----- brjótið hér og setjið svo í fótuna -----

NAFN _____

ÚTSPIL _____

 **málning**
- það segir sig sjálf -

Mánudagspraut MÁLNINGAR

Önnur praut 12. júní

Þú átt út með þessi spil í vestur:
Austur gefur. Allir á hættu.

Vestur

- ♠ K2
- ♥ K632
- ♦ DG72
- ♣ DG5

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	pass	2 ♦*
pass	2 ♥**	pass	2 ♠***
pass	4 ♠	pass	pass
pass			

- * Multi: veikir tveir í hálit
- ** pass/correct
- *** spaðalitur, 6-10 HP

Hvert er útspilið?

Umsi

Eyjólfur (norður) hresstist heldur betur þegar hann frétti af spaðalit hjá opnara. Á móti hjarta vildi hann aðeins spila bót. Hvaða ályktanir má draga af því?

Ýmsar. Í fyrsta lagi þessar: Norður á lengd í spaða, ekki hjarta. Hann á 1-2 hjörtu, væntanlega, sem þýðir að ekki er mikið að hafa í þeim lit fyrir vörnina.

Í öðru lagi er ljóst að háspilastyrkur norðurs er varla meiri en 14 punktar, þannig að góður spaðastuðningur, einn og sér, dugir ekki til að tuddast skyndilega í geim. Sennilega á norður líka sénsaríkan láglit til hiðar. Sem aftur þýðir að það getur verið hættulegt að spila út drottningu í RÖNGUM láglit. Það gerðu ýmsir keppendur Íslands-mótsins, komu út með ♦D og gáfu þannig 4♠ ...

Norður

- ♠ G875
- ♥ 75
- ♦ ÁK1083
- ♣ Á7

Vestur

- ♠ K2
- ♥ K632
- ♦ DG72
- ♣ DG5

Austur

- ♠ 6
- ♥ ÁG108
- ♦ 965
- ♣ K10932

Suður

- ♠ ÁD10943
- ♥ D94
- ♦ 4
- ♣ 864

Sagnhafi nær að fría fimmta tígulinn og gefur því engan slag á lauf.

Útspil Stigagjöf

Facebook

♥K	100	♣D = 19
♥x	90	♥3 = 14
♦D	60	♥K = 7
♣D	50	♠2 = 4
♦x	40	♥2 = 3

- veldu rétta litinn -

Mánudagspraut **MÁLNINGAR**

ÞRIÐJA PRAUT 19. JÚNÍ

Norður gefur. Enginn á hættu.

Vestur

♠ 42
♥ 9832
♦ Á875
♣ K97

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
—	pass	pass	4 ♠
pass	pass	pass	

Hvert er útspilið?

----- brjótið hér og setjið svo í fótuna -----

NAFN _____

ÚTSPIL _____

 **málning**
- það segir sig sjálfst -

Mánudagspraut MÁLNINGAR

Þriðja praut 19. júní

Þú átt út með þessi spil í vestur:
Norður gefur. Enginn á hættu.

Vestur

- ♠ 42
- ♥ 9832
- ♦ Á875
- ♣ K97

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	pass	pass	4 ♠
pass	pass	pass	

Hvert er útspilið?

Umsi

Almennt borgar sig ekki að spila út óstuddum ás gegn búi eða geimi. Ásar eru til að drepa kónga, ekki til að tína upp tvista og þrista. Að því sögðu þá eru auðvitað undantekingar frá þessari meginreglu. Ein slík er þegar sagnhafi hefur sýnt langlit og lítið er vitað um styrk hans til hliðar. Þá þarf oft að hafa snör handtök við að innleysa þá slagi sem til falla áður en þeir hverfa ofan í hliðarlit. Í þessu spili á vestur engan styrk í hjarta og hefur því góða ástæða til að óttast þann lit. Ergó: út með tígulásinn til að kíkja á blindan.

Spilið er úr ágætri bók Sally Brock, **Leading Questions in Bridge** (2007). Sally endar dæmi sín gjarnan með heilræði. Heilræði hennar í tengslum við þetta spil hljóðar svo:

Spilaðu út ás þegar sagnhafi hefur sýnt langan lit með hindrun.

Norður

- ♠ 1083
- ♥ ÁKG10
- ♦ G1064
- ♣ 42

Vestur

- ♠ 42
- ♥ 9832
- ♦ Á875
- ♣ K97

Austur

- ♠ 6
- ♥ D754
- ♦ KD9
- ♣ ÁD1063

Suður

- ♠ ÁKDG987
- ♥ 6
- ♦ 32
- ♣ G85

Með hjarta út (og trompi) fær sagnhafi yfirlag. Útspil í láglit gefur vörninni færi á að taka sína fjóra.

Útspil Stigagjöf

- ♦ Á 100
- ♣ 7 80
- ♥ x 50
- ♦ x 30
- ♠ x 20

Facebook

- ♣ 7 = 22
- ♥ 9 = 14
- ♦ Á = 7
- ♠ 4 = 4
- ♥ 3 = 3
- ♦ 7 = 1

- veldu rétta litinn -

Mánudagspraut **MÁLNINGAR**

FJÓRÐA PRAUT 26. JÚNÍ

Suður gefur. Enginn á hættu.

Vestur

♠ 87
♥ 862
♦ K8652
♣ D85

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 ♣ *
pass	1 ♠	pass	3 ♣
pass	3 ♥	pass	3 G
pass	6 G	allir pass	

* Standard

Hvert er útspilið?

----- brjótið hér og setjið svo í fótuna -----

NAFN _____

ÚTSPIL _____

 **málning**
- það segir sig sjálf -

Mánudagspraut MÁLNINGAR

Fjórða praut 26. júní

Þú átt út með þessi spil í vestur:
Suður gefur. Enginn á hættu.

Vestur

♠ 87
♥ 862
♦ K8653
♣ D85

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 ♣ *
pass	1 ♠	pass	3 ♣
pass	3 ♥	pass	3 G
pass	6 G	pass	pass
pass			

* Standard

Hvert er útspilið?

Umsi:

Þegar hálfslemma byggist á langlit er yfirleitt best að koma hvasst út – frá kóng eða drottningu. Tilgangurinn er að fría slag númer tvö áður en sagnhafi fríar líflitinn sinn.

Vestur horfir hér á líklegan slag á laufdrottningu og gerir best í því að spila út tígli. Makker á augljóslega ekki mikið, en gosi á réttum stað gæti dugað. Það er tilraunarinnar virði.

Spilið er úr bókinni **Opening Leads** eftir Mike Lawrence (1996).

Norður

♠ ÁKD94
♥ ÁDG7
♦ D4
♣ 106

Vestur

♠ 87
♥ 862
♦ K8653
♣ D85

Austur

♠ G10632
♥ 1054
♦ G72
♣ 73

Suður

♠ 5
♥ K93
♦ Á109
♣ ÁKG942

Lawrence bendir á mikilvægi sagna þegar spilað er út gegn hálfslému. Hér á sagnhafi mikla slagauppsprettu í laufinu og því verður að taka áhættu í fyrsta skoti.

Á hinn bóginn væri líklega best að spila hlutlaust út í hálit eftir sagnirnar: 2G-4G-6G. Þá gildir að koma öruggt út og láta sagnhafa um að opna viðkæma liti.

Útspil Stigagjöf

♦ x 100
♥ x 70
♠ x 50

Facebook

♦ x = 19
♠ x = 19
♥ x = 10

- veldu rétta litinn -

Mánudagspraut **MÁLNINGAR**

FIMMTA PRAUT 3. JÚLÍ

Suður gefur. Allir á hættu.

Vestur	<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
♠ KD8	—	—	—	3 ♡
♡ 2	dobl	4 ♡	4 ♠	pass
◇ ÁG875	pass	5 ♡	dobl	pass
♣ DG104	pass	pass		

Hvert er útspilið?

----- brjótið hér og setjið svo í fótuna -----

NAFN _____

ÚTSPIL _____

Mánudagspraut MÁLNINGAR

Fimmta praut 3. júlí

Þú átt út með þessi spil í vestur:
Suður gefur. Allir á hættu.

Vestur
♠ KD8
♥ 2
◇ ÁG875
♣ DG104

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	3 ♥
dobl	4 ♥	4 ♠	pass
pass	5 ♥	dobl	pass
pass	pass		

Hvert er útspilið?

Umsi

Hvernig lítur blindur út?

Flatur eins og pönnukaka?

Nei – það er einhvers staðar stuttlitur á ferðinni, svo mikið er víst. Makker doblaði 5♥, svo að styrkurinn er ykkar megin og þá gildir að halda trompslögum sagnhafa í lágmarki.

Út með hjartatvistinn! Slagimir til hliðar geta beðið.

Mike Lawrence er með þetta dæmi í bók sinni **Opening Leads**:

Norður

♠ Á643
♥ DG3
◇ 2
♣ 98753

Vestur

♠ KD8
♥ 2
◇ ÁG875
♣ DG104

Austur

♠ G9752
♥ 108
◇ KD63
♣ ÁK

Suður

♠ 10
♥ ÁK97654
◇ 1094
♣ 62

Aðeins með trompi út er hægt að koma í veg fyrir tvær tígulstungur í borði og taka spilið tvo niður. Það dugir ekki að koma út með lauf og skipta yfir í hjarta, því sagnhafi nær þá að fría fimmta laufið.

Lærdómur: Tromp er nánast alltaf rétt útspil gegn fórnarsögnum þegar vörnin á styrk í öllum hliðarlitum.

Útspil Stigagjöf

♥2 100
♠K 50
♣D 40
◇Á 30

Facebook

♣D = 22
♥2 = 14
♠K = 9
◇Á = 3

- veldu rétta litinn -

Mánudagspraut **MÁLNINGAR**

SJÖTTA PRAUT 10. JÚLÍ

Norður gefur. Allir á hættu.

Vestur

♠ 10862

♥ G742

♦ D3

♣ ÁD5

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	1 ♦ *	pass	1 ♠
pass	3 ♦	pass	3 G
pass	pass	pass	

* Standard

Hvert er útspilið?

----- brjótið hér og setjið svo í fótuna -----

NAFN _____

ÚTSPIL _____

 **málning**
- það segir sig sjálfst -

Mánudagspraut MÁLNINGAR

Sjötta praut 10. júlí

Og þá laufásinn, frekar en drottningu, til að „kíkja á blindan“.

Þú átt út með þessi spil í vestur:
Norður gefur. Allir á hættu.

Vestur
♠ 10862
♥ G742
♦ D3
♣ ÁD5

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	1 ♦ *	pass	1 ♠
pass	3 ♦	pass	3 G
pass	pass	pass	

* Standard

Hvert er útspilið?

Umsi

Á að spila út hægfara hjarta eða hvössu laufi? Það er spurningin.

Spilið er úr útspilskeri Svíans Jan Wohllins, **Utspælet** (1970). Wohlin mælir með ♣Á. Hætt er við að tígullinn í borði sé rennandi og þá þarf að rífa strax í sig þá slagi sem til falla, segir hann.

Ef vörnin stoppar tígullinn er hugsanlega í lagi að spila út hægfara hjarta. En það er ólíklegt að svo sé og þess vegna kallar þetta á hvasst laufútspil.

Norður

♠ KG
♥ ÁD5
♦ ÁKG986
♣ 84

Vestur

♠ 10862
♥ G742
♦ D3
♣ ÁD5

Austur

♠ ÁD4
♥ 963
♦ 752
♣ 10762

Suður

♠ 9753
♥ K108
♦ 104
♣ KG93

Að því útkikki loknu (og eftir frávisun makkers) er vandalaust að skipta yfir í spaða og taka þar fjóra slagi.

Útspil	Stigagjöf	Facebook
♣ Á	100	♣ Á = 20
♥ x	70	♥ 2 = 19
♠ 2	50	♠ 2 = 3
♣ D	20	♣ D = 1

- veldu rétta litinn -

Mánudagspraut **MÁLNINGAR**

SJÖUNDA PRAUT 17. JÚLÍ

Suður gefur. Enginn á hættu.

Vestur

♠ Á1072

♥ 10652

♦ D97

♣ G4

Vestur

Norður

Austur

Suður

—

—

—

1 ♣ ¹⁾

pass

1 ♠ ²⁾

pass

1 G ³⁾

pass

2 G ⁴⁾

pass

3 G

pass

pass

dobl

allir pass

1) Neo-Standard, getur verið tvíspil og lengri tígull

2) Neitar hálit, 6+ HP

3) 12-14 HP, jöfn skipting

4) Áskorun

Hvert er útspilið?

----- brjótið hér og setjið svo í fótuna -----

NAFN _____

ÚTSPIL _____


- það segir sig sjálf -

Mánudagsprauf MÁLNINGAR

Sjöunda prauf 17. júlí

Þú átt út með þessi spil í vestur:
Suður gefur. Enginn á hættu.

Vestur

- ♠ Á1072
- ♥ 10652
- ♦ D97
- ♣ G4

Vestur	Norður	Austur	Suður
Upmark	Grönkvist	Michielsen	v Prooijen
—	—	—	1 ♣ ¹⁾
pass	1 ♠ ²⁾	pass	1 G ³⁾
pass	2 G ⁴⁾	pass	3 G
pass	pass	dobl	a/pass

- 1) Neo-Standard
- 2) Neitar hálit, 6+ HP
- 3) 12-14, jöfn skipting
- 4) Áskorun

Hvert er útspilið?

Umsi

Spilið er frá parasveitakeppninni í Montecatini fyrr í sumar.

NS voru Ida Grönkvist og Ricco von Prooijen, en AV Marion Michielsen og Johan Upmark. Tveir og hálfur Svii og einn og hálfur Hollendingur (von Prooijen er hollenskur og Michielsen aðfluttur Svii frá Hollandi).

Dobl Michielsen er greinilega útspils-vísandi, en hvern fjandann vill hún?

Upmark hitti ekki á það, spilaði út hjarta og sagnhafi tók níu fyrstu slagina:

Norður

- ♠ G98
- ♥ KD4
- ♦ 62
- ♣ KD965

Vestur

- ♠ Á1072
- ♥ 10652
- ♦ D97
- ♣ G4

Austur

- ♠ 63
- ♥ 87
- ♦ ÁKG853
- ♣ 1073

Suður

- ♠ KD54
- ♥ ÁG93
- ♦ 104
- ♣ Á82

Ef gert er ráð fyrir að dobl á 1♠ lofi spaðalit kemur sá litur varla til greina. Þá er það spurningin um hina þrjá. Hjartaútspil Upmarks virðist heldur klént, því út frá lengd vesturs í hjarta er austur líklegri til að eiga rennandi láglit. Og satt að segja er líklegast að sá litur sé lauf. En tígull er ekki útilokaður og því er kannski allrabest að leggja niður ♠Á í rannsóknarskyni.

Útspil Stigagjöf

- ♠ Á 100
- ♣ G 80
- ♦ x 70
- ♦ D 70
- ♥ x 50
- ♠ x 40

Facebook

- ♣ G = 11
- ♥ 2 = 11
- ♠ 2 = 10
- ♠ Á = 3
- ♥ 6 = 2
- ♦ 7 = 1

- veldu rétta litinn -

Mánudagspraut **MÁLNINGAR**

ÁTTUNDA PRAUT 24. JÚLÍ

Vestur

♠ 852
♥ 1097654
♦ ÁG5
♣ 2

Vestur gefur. NS á hættu.

Vestur	Norður	Austur	Suður
2 ♦ *	pass	2 ♥ **	3 ♣
pass	6 ♣	pass	pass
pass			

* veikir tveir í hálit (multi)

** leitandi (pass/correct)

Hvert er útspilið?

----- brjótið hér og setjið svo í fótuna -----

NAFN _____

ÚTSPIL _____

 **málning**
- það segir sig sjálfst -

Mánudagspraut MÁLNINGAR

Áttunda praut 24. júlí

Þú átt út með þessi spil í vestur:
Vestur gefur. NS á hættu.

Vestur

♠ 852
♥ 1097654
♦ ÁG5
♣ 2

Vestur

♠ 852
♥ 1097654
♦ ÁG5
♣ 2

Austur

♠ DG1096
♥ 82
♦ K732
♣ 106

Suður

♠ 7
♥ ÁKD3
♦ 98
♣ KG9875

Vestur	Norður	Austur	Suður
Klukowski	Michielsen	Zmuda	Rosenthal
2 ♦ *	pass	2 ♥ **	3 ♣
pass	6 ♣	pass	pass
pass			

* multi: veikir tveir í hálit

** pass/correct

Hvert er útspilið?

Umsi

Hér erum við stödd í undanúrslitum parasveitakeppninnar á Ítalíu.

Pólverjanir ungu, Michal Klukowski og Justyna Zmuda eru í AV gegn Mari-on Michielsen og Andrew Rosenthal.

Þau Klukowski og Zmuda unnu para-tvímennið sem kom á eftir, en töpuðu þessum leik illa – meðal annars út af þessu spili.

Klukowski kom út með spaða:

Sumir segja að alltaf eigi að spila út ás þegar sóknin göslast í slemmu.

En í toppbríds vita menn venjulega hvað þeir eru að gera og Klukowski hefur hugsað sem svo að Michielsen væri í lófa lagið að kanna spilið betur með óvarinn lit einhvers staðar.

En hann gleymdi einu: sagnir hafa ekki leitt í ljós hvorn hálitinn hann á og því er erfitt fyrir norður að krefja. Hálitasögn yrði túlkuð sem eðlileg.

Útspilið velti 25 impum (á hinu borðinu spiluðu NS 5 ♣ og unnu slétt).

Útspil Stigagjöf

♦ Á 100
♠ x 60
♥ x 40
♣ 2 20

Facebook

♦ Á = 18
♥ 10 = 3
♣ 2 = 2

- veldu rétta litinn -

Mánudagspraut **MÁLNINGAR**

NÍUNDA PRAUT 31. JÚLÍ

Norður gefur. NS á hættu.

Vestur

♠ K754

♥ ÁG10

♦ K52

♣ 652

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	1 ♥	pass	1 ♠
pass	2 ♥	pass	4 ♠
pass	pass	pass	

Hvert er útspilið?

----- brjótið hér og setjið svo í fótuna -----

NAFN

ÚTSPIL

 **málning**
- það segir sig sjálf -

Mánudagspraut MÁLNINGAR

Níunda praut 31. júlí

Þú átt út með þessi spil í vestur:
Norður gefur. NS á hættu.

Vestur

♠ K754
♥ ÁG10
♦ K52
♣ 652

Vestur

♠ K754
♥ ÁG10
♦ K52
♣ 652

Austur

♠ 93
♥ 74
♦ Á973
♣ 109743

Norður

♠ --
♥ K98532
♦ 10864
♣ ÁDG

Suður

♠ ÁDG10862
♥ D6
♦ DG
♣ K8

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	1 ♥	pass	1 ♠
pass	2 ♥	pass	4 ♠
pass	pass	pass	

Hvert er útspilið?

Umsi

Hvasst eða mjúkt – tígull eða lauf?
Það er vandamálið hnotskurn.

Hjartaásinn kemur varla til greina, því sagnhafi er líklegur til að vera stuttur í þeim lit. Og tromp er veruleikaflótti.

Spilið er frá Norðurlandamótinu í vor. Fjórir spaðar voru spilaðir á 9 borðum af 12 og unnust átta sinnum – alltaf eftir útspil í laufi.

Norðmaðurinn Glenn Grötheim hittir á tígul út og banaði geiminu:

Vestur horfir á tvo örugga slagi (spaðakóng og hjartaás) og þarf að byggja upp aðra tvo – og það sennilega fljótt, áður en sagnhafi nær að fría hjartaslagi í borði.

Makker getur ekki átt mikið en ef hann á kjöt í tígli gæti það dugað í tvo slagi með kóngnum. Það er mun ólíklegra að hugsanlegur laufstyrkur makkers nýtist vörninni OG að slagur fái líka á tígukóng með tímanum.

Nei – hér mælir allt með stormandi tígulútspili.

Útspil Stigagjöf

♦ x 100
♣ x 70
♦ K 60
♥ Á 30
♠ x 10

Facebook

♦ x = 20
♠ x = 5
♦ K = 1
♥ Á = 1
♣ x = 1

- veldu rétta litinn -

Mánudagsprauf **MÁLNINGAR**

TÍUNDA PRAUF 14. ÁGÚST

Austur gefur. Enginn á hættu.

Vestur

♠ 53
♥ DG52
♦ ÁD953
♣ 84

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	pass	pass
pass	1 ♣ *	pass	1 ♠
pass	4 ♠	pass	pass
pass			

* Standard

Hvert er útspilið?

----- brjótið hér og setjið svo í fótuna -----

NAFN _____

ÚTSPIL _____

 **málning**
- það segir sig sjálfst -

Mánudagspraut MÁLNINGAR

Tíunda praut 14. ágúst

Þú átt út með þessi spil í vestur:
Austur gefur. Enginn á hættu.

Vestur

- ♠ 53
- ♥ DG52
- ♦ ÁD953
- ♣ 84

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	pass	pass
pass	1 ♣ *	pass	1 ♠
pass	4 ♠	allir pass	

* Standard

Hvert er útspilið?

Umsi

Stundum er sagt að útspil eigi að hafa tilgang – og þá einhvern annan tilgang en þann einn að koma spilinu af stað. Þegar ekkert útspil heillar er oft gott að fara yfir tilganginn í huganum og beita útilokunaraðferðinni.

Laufátta: Laufútspil hefur þann megintilgang að sækja stungu.

Tígulás: Tilgangurinn með ♦Á væri að kíkja á blindan.

Hjartadrottning: Tilgangurinn með hjartaútspili er að sækja slag/slagi.

Tromp: Það er vandséð hver tilgangurinn væri með trompútspili hér, annar en sá að forðast hin útspilin (sem vissulega má líta á sem réttmætan tilgang líka).

Öll útspilin gætu kostað slag, en að öllu samanlögðu virðist sem mestu möguleikarnir búi í hjartalitnum:

Norður

- ♠ ÁK82
- ♥ K1098
- ♦ K
- ♣ KD109

Vestur

- ♠ 53
- ♥ DG52
- ♦ ÁD953
- ♣ 84

Austur

- ♠ 64
- ♥ Á64
- ♦ 10862
- ♣ Á752

Suður

- ♠ DG1097
- ♥ 73
- ♦ G74
- ♣ G63

Spilið er frá EM í Montecatini og var víða gefið með ♣8 út (austur spilaði auðvitað laufi áfram í öðrum slag).

Útspil Stigagjöf

- ♥D 100
- ♦Á 80
- ♥x 70
- ♣Á 50
- ♠x 30

Facebook

- ♥x = 12
- ♠x = 7
- ♦Á = 6
- ♣8 = 2
- ♥x = 2

- veldu rétta litinn -

Mánudagspraut **MÁLNINGAR**

ELLEFTA PRAUT - AUKA

Suður gefur. AV á hættu.

Vestur	<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
♠ 2	—	—	—	1 ♥ ¹⁾
♥ K10632	pass	1 ♠	pass	1 G ²⁾
♦ K984	pass	2 G ³⁾	pass	3 G
♣ Á62	pass	pass	pass	

1) Standard

2) 12-14 HP

3) Áskorun

Hvert er útspilið?

----- brjótið hér og setjið svo í fótuna -----

NAFN _____

ÚTSPIL _____

 **málning**
- það segir sig sjálft -

Mánudagspraut MÁLNINGAR

Ellefta praut

Þú átt út með þessi spil í vestur:
Suður gefur. AV á hættu.

Vestur

- ♠ 2
- ♥ K10632
- ♦ K984
- ♣ Á62

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 ♥
pass	1 ♠	pass	1 G *
pass	2 G **	pass	3 G
pass	pass	pass	

* 12-14 HP ** áskorun

Hvert er útspilið?

Umsi

Langoftast ef best að spila hvasst út í sóknarskyni gegn 3G, en kannski er þetta spil undantekningin sem sannar regluna.

Sóknarútspilið væri tígull í þessu tilfelli, því hjarta kemur auðvitað ekki til greina upp í fimmlit sagnhafa. En er ástæða til að flýta sér? Andstæðingarir eru að teygja sig í geim án þess að eiga sjáanlega slagauppsprettu – vestur tvístoppar hjartað og allt bendir til að austur sé með spaða í metratali.

Kannski er þetta rétti tíminn til að brjóta allar reglur og koma út með EINSPIL gegn grand! Það segir Sally Brock, alla vega, en spilið er úr bók hennar **Leading Questions in Bridge**, sem við höfum áður vísað til.

Norður

- ♠ ÁKD5
- ♥ 97
- ♦ 103
- ♣ D9754

Vestur

- ♠ 2
- ♥ K10632
- ♦ K984
- ♣ Á62

Austur

- ♠ G108763
- ♥ 5
- ♦ D765
- ♣ K3

Suður

- ♠ 94
- ♥ ÁDG84
- ♦ ÁG2
- ♣ G108

Spilið vinnst með tígli út ef sagnhafi sækir laufið. Með spaðaútspili hefur vörnin hins vegar betur. Best er að dúkka fyrsta laufið og klippa svo á sambandið við blindan með öðrum spaða.

Útspil

- ♠ 2
- ♦ x
- ♣ x
- ♥ x
- ♣ Á
- ♦ K

Stigagjöf

- 100
- 90
- 70
- 50
- 20
- 10

- veldu rétta litinn -

Mánudagspraut **MÁLNINGAR**

TÓLFTA ÞRAUT - AUKA

Suður gefur. Enginn á hættu.

Vestur

♠ D754

♥ 632

◇ G75

♣ D64

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 ♣ *
pass	1 ♥	pass	1 ♠
pass	3 ♠	pass	4 G
pass	5 ♥	pass	5 G
pass	6 ◇	pass	7 ♠ ///

* Kerfið er Standard og 4G og 5G gamaldags spurningar um ása og kónga: 5♥=2 ásar, 6◇=1 kóngur.

Hvert er útspilið?

----- brjótið hér og setjið svo í fótuna -----

NAFN _____

ÚTSPIL _____

 **málning**
- það segir sig sjálf -

Mánudagspraut MÁLNINGAR

Tólfta praut

Þú átt út með þessi spil í vestur:
Suður gefur. Enginn á hættu.

Vestur

- ♠ D754
- ♥ 632
- ◇ G75
- ♣ D64

Vestur

- ♠ D754
- ♥ 632
- ◇ G75
- ♣ D64

Austur

- ♠ 3
- ♥ 1098
- ◇ 109843
- ♣ 9872

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 ♣ *
pass	1 ♥	pass	1 ♠
pass	3 ♠	pass	4 G
pass	5 ♥ **	pass	5 G
pass	6 ◇ ***	pass	7 ♠
pass	pass	pass	

Suður

- ♠ K982
- ♥ K3
- ◇ ÁKD
- ♣ Á1053

- * Standard
- ** tveir ásar
- *** einn kóngur

Hvert er útspilið?

Umsi

Jú, rétt til getið, þetta var fyrir tíma Roman Key Card – nánar tiltekið í Bermuda Bowl árið 1977.

Vestur var Mike Passell.
Hann spilaði út smáum spaða ...

Sagnhafi fékk fyrsta slaginn ódýrt á gosann í borði og tók næst á ♠Á. Einn niður.

David Bird fjallar um spilið í bók sinni **Famous Leads and Defences (1998)**. Hann minnr á ellefta boðorðið: *Þú skalt alltaf trompa út gegn alslemmu*. Sá sem brýtur það boðorð hefur eitt-hvað að fela, segir Bird. Eina leiðin til að verja drottninguna var að spila út frá henni.

Útspil

Stigagjöf

♠ x	100
◇ x	80
♥ x	70
◇ G	60
♣ x	50
♣ D	30

STIGAÆFSTU EINSTAKLINGAR SUMARSINS 2017 Í ...

Mánudagsþraut Málningar

- Mánudagsþrautin var í boði í 10 skipti og telja 5 bestu til heildarstiga.
- Hæst voru gefin 100 stig fyrir hvert einstakt spil.
- Taflan hér að neðan er yfir þá sem spiluðu í 5 eða fleiri skipti.
- Þeir spilarar fá allir bókarverðlaun fyrir vasklega framgöngu.

	FIMM BESTU	ÞÁTTAKA
Davíð Lúðvíksson	380 STIG	7 TILRAUNIR
Emma Axelsdóttir	370 -	6 -
Snorri Markússon	370 -	7 -
Halldór Þorvaldsson	360 -	10 -
Sigrún Þorvarðsdóttir	340 -	5 -
Guðlaugur Sveinsson	340 -	6 -
Guðrún Jörgensen	310 -	6 -
Ari Gunnarsson	280 -	7 -
María Weinberg	250 -	5 -
Magnús Sverrisson	250 -	6 -

(í lok sumars 2017)